

21. okt. 2019

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga  
Breflykill: 120

## EFS

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 11. október 2019

Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Eftirlit og eftirfylgni með virkni innra eftirlits Reykjavíkurborgar.

Þann 18. mars sl. sendi eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) bréf til Reykjavíkurborgar í framhaldi af skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda að Nauthólsvegi 100. Tilgangur nefndarinnar var ekki að fjalla sérstaklega um efnislega niðurstöðu skýrslunnar heldur taldi nefndin ástæðu til að óska upplýsinga um nánar tiltekin atriði sem lúta að almennri fjármálastjórn og vísbindingar voru um í skýrslunni að þyrfti að laga.

Í 2. ml. 1. mgr. 79. gr. sveitarstjórnarlaga um hlutverk eftirlitsnefndar er mælt fyrir um að í því felist *“Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.”* og á grundvelli þess byggði EFS fyrrgreinda ósk um upplýsingar. Einnig vísast í bréf EFS frá 23. október 2013 þar sem óskað var upplýsinga um almenna fjármálastjórn.

Reykjavíkurborg svaraði óskum EFS um upplýsingar í bréfi 12. júní sl. sem beindust aðallega að eftirfarandi tilvísun í skýrslu innri endurskoðunar um úttekt á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar: *“Á árinu 2015 gerði Innri endurskoðun úttekt á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og skilað skýrslu þar sem settar voru fram ábendingar um atriði sem betur máttu fara. Enn hafa ekki verið gerðar fullnægjandi úrbætur vegna ábendinganna.”*

Þar sem „fullnægjandi úrbætur“ höfðu ekki verið gerðar rúmum tveimur árum eftir að þær komu fram, setti EFS fram þrjár spurningar til Reykjavíkurborgar og voru þær og svör borgarinnar svohljóðandi:

1. *Hver var eftirfylgni Innri endurskoðunar með því að brugðist yrði við umræddum ábendingum um atriði sem betur máttu fara?*

*Í meðfylgjandi bréfi innri endurskoðunar koma fram upplýsingar um það hvernig innri endurskoðun fylgdi eftir ábendingum sínum í skýrslunni frá árinu 2015. Fram kemur að það hafi einkum verið gert á fundum með hlutadeigandi stjórnendum og starfshópi sem vann að yfirferð yfir ábendingar úr skýrslunni. Í innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar fyrir árið 2018-2019 er að finna verkefnið „Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar, stjórnarsýslu- og rekstrarúttekt, eftirfylgni“*

2. *Bárust endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar þessar ábendingar innri endurskoðunar?*

*Af svari innri endurskoðanda má ráða að endurskoðunarnefnd hafi ekki verið send umrædd úttekt, en fram kemur að á fundi vorið 2016 hafi innri endurskoðandi upplýst endurskoðunarnefnd að stjórnsluúttekt hefði verið gerð á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Fram kemur í bréfi innri endurskoðanda að ytri endurskoðendum hefði verið send umrædd úttekt í september 2015 með tölvupósti.*

3. *Hver voru viðbrögð og eftirfylgni endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðenda við ábendingum innri endurskoðunar og því að ekki var brugðist við ábendingum?*


*Samkvæmt svari innri endurskoðanda voru engin viðbrögð eða eftirfylgni af hálfu endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðenda við þessum ábendingum sérstaklega, önnur en almennar ábendingar um að ljúka yfirferð yfir ábendingar innri endurskoðunar.*

Vegna óska EFS um upplýsingar um gildandi verklagsreglur sem heimila tilfærslu fjárheimilda milli fjárfestingarverkefna og gildandi verklagsreglur um gerð viðauka við fjárhagsáætlun vísaði Reykjavíkurborg til minnisblaðs fjármálaskrifstofu dags. 13. maí sl. sem fylgdi svarbréfinu.

Við yfirferð EFS á svörum Reykjavíkurborgar virðist niðurstaðan sú að eftirlitsferlar Reykjavíkurborgar hafi brugðist. Innri endurskoðun gerði úttekt á starfsemi Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar en eftirfylgni vegna athugasemda og ábendinga var ábótavant, og formlegri tilkynningu til endurskoðunarnefndar var ekki sinnt. Jafnframt virðast viðbrögð bæði endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðanda hafi verið áfátt, jafnvel þó að upplýsingar innri endurskoðunar hafi ekki borist með formlegum hætti, sem í sjálfu sér hefði líka átt að kalla á athugasemdir af hálfu endurskoðunarnefndar. EFS telur að þessir aðilar hefðu átt að óska formlega eftir útskýringum þegar vitneskja um málið lá fyrir.

Þar sem af svari Reykjavíkurborgar verður ekki ráðið hvort úrbætur hafi verið gerðar, óskar EFS hér með eftir upplýsingum um hvort verkferlar innri endurskoðunar um tilkynningar og eftirfylgni með úrbótum vegna frávika og verkferlar umhverfis- og skipulagssviðs með tilliti til notkunar fjárheimilda, hafi verið bættir.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson